

Starfsgreinaráð	Heilbrigðis, félags- og uppeldisgreina
Starfsheiti	Félagsliði
Dagsetning	07.02.2020
Útgáfunúmer	1.0

Starfalýsing:

Félagsliði vinnur á félags-, heilbrigðis- og menntasviði við að aðstoða einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri aðstoð að halda við athafnir daglegs lífs og styðja þá til sjálfshjálpar. Þeir aðstoða og leiðbeina einstaklingum við að sinna félagslegum og líkamlegum þörfum. Félagsliðar búa yfir þekkingu til að greina af innsæi mismunandi aðstæður fólks og geta metið á faglegan hátt hvenær þörf er á aðstoð, til að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði hjá þjónustunotendum. Markhópurinn er einstaklingar með fötlun, geðraskanir, aldraðir, langveikir og aðrir sem vegna fötlunar eða sérstakra aðstæðna þurfa stuðning til lengri eða skemmri tíma. Félagsliði hefur þekkingu á þeim úrræðum sem til eru og veit hvar nálgast má viðeigandi upplýsingar. Félagsliði vinnur í samstarfi við annað fagfólk að gerð einstaklings- og þjálfunaráætlna. Hann vinnur náið með öðrum fagstéttum og hefur samskipti við aðstandendur og aðra sem að málum koma.

Hæfnikröfur:

Standast kröfur sem gerðar eru til félagsliða með því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum tengdum félagslegri þjónustu og umönnun á ábyrgan, gagnrýnan og skýran hátt.

Aðlaga tjáskipti sín að ólíkum viðmælendum í samræmi við aðstæður. Geta lesið líkamstjáningu, svipbrigði og raddblæ til að meta hvort skilaboð skiljist, ásamt því að geta sett sig í spor annarra og haldið ró sinni í samskiptum við mismunandi einstaklinga.

Eiga fagleg samskipti við þjónustunotendur, aðstandendur, samstarfsfólk og samstarfsaðila.

Lesi þarfir og aðstæður þjónustunotenda og geta brugðist við á faglegan hátt.

Skipuleggja störf sín við félagslega virkni, afþreyingu, umönnun og sýni sjálfstæði og ábyrgð í störfum.

Ábyrgjast framkvæmd og eftirlit með skráningu á þjónustu við notendur.

Bera ábyrgð á, skipuleggja og útfæra faglegt starf og sinna fjölbreyttum verkefnum með þjónustunotendum.

Miðla þekkingu til samstarfsfólks, þjónustunotenda og aðstandenda ásamt því að bera ábyrgð á aðlögun nýrra starfsmanna og handleiðslu félagsliðanema.

Þekkja lög og reglugerðir sem gilda um starfið og fylgja þeim í daglegu starfi.

Vinna eftir gæðaviðmiðum og taka þátt í gerð gæðahandbóka og verkferla til þess að bæta þjónustu við notendur.

Starfa eftir gildandi siðareglum, viðmiðum um trúnað, þagmælsku og persónuvernd.

Bera ábyrgð á eigin starfsþróun, tileinka sér nýjungar á sínu sviði og hagnýta þá þekkingu.

Huga að vinnuvernd og öryggi á vinnustað og vera fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

Bera ábyrgð í samráði við annað fagfólk á tiltekinni stjórnun á stofnunum og öðrum starfseiningum sem falla undir starfssvið félagsliða.